# ÁRSÞING

## KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

## 1970

# ÁRSSKÝRSLA

## KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

## 1970

### STJÓRN.

Á 9. ársþingi Körfuknattleikssambands Íslands voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Hólmsteinn Sigurðsson, formaður
Einar G. Bollason
Ingvar Sigurbjörnsson
Þórir Guðmundsson
Þorsteinn Hallgrímsson

Varamenn:
Donald Jóhannsson
Guðmundur Hallgrímsson.

Sú breyting var gerð á 9. ársþingi K.K.Í. að kosin var 5 manna stjórn í stað 7 manna áður.

### VERKÁSKIPTING.

Á fyrsta fundi eftir ársþing skipti stjórnin með sér verkum á eftirtaldan hátt:

Hólmsteinn Sigurðsson, formaður
Þorsteinn Hallgrímsson, varaformaður
Þórir Guðmundsson, gjaldkeri
Ingvar Sigurbjörnsson, ritari
Einar G. Bollason, meðstjórnandi.

EFTIRTALDAR NEFNDIR STÖRFUÐU Á ÁRINU:

| | |
|---|---|
| Landsliðsnefnd: | Ólafur Thorlacius, formaður<br>Sigurjón Ingvason<br>Helgi Jóhannsson |
| Laga og leikreglna-nefnd: | Jón Eysteinsson, formaður<br>Marinó Sveinsson |
| Unglinganefnd: | Þorsteinn Hallgrímsson, formaður<br>Birgir Örn Birgis<br>Sigurður P. Gíslason |
| Kvennanefnd: | Einar G. Bollason, formaður<br>Gunnar Gunnarsson |
| Minni Boltanefnd: | Bogi Þorsteinsson, formaður<br>Kolbeinn Pálsson<br>Sigurður M. Helgason |
| Blaðanefnd: | Gylfi Kristjánsson, formaður<br>Jón Þór Hannesson<br>Hilmar Viktorsson |
| Fjáröflunarnefnd: | Magnús Sigurðsson, formaður<br>Gunnar Petersen |
| Útbreiðslunefnd: | Guðmundur Þorsteinsson, formaður<br>Einar G. Bollason<br>Kristinn Stefánsson |
| Þjálfarar: | Helgi Jóhannsson<br>Einar Ólafsson |

STJÓRNARSTÖRF:

Alls voru haldnir 20 bókaðir stjórnarfundir á starfsárinu auk margra annarra funda, sem stjórnarmeðlimir komu saman til að vinna að ákveðnum verkefnum.

Segja má að starf stjórnarinnar hafi aðallega beinst að fjórum verkefnum:

1. Framkvæmd Íslandsmóts 1970.
2. Undirbúningur og framkvæmd E.M. riðils unglinga um páskana.
3. Þátttaka í Polar Cup í Oslo í apríl.
4. Íþróttahátíð Í.S.Í. í júlí.

Íslandsmótið s.l. vetur var með nokkuð öðru sniði en áður fyrr. Leikir í I. deild fóru fram á Seltjarnarnesi og á Akureyri eins og áður, en leikir í yngri flokkum fóru að miklu leyti fram í æfingatímum félaga og var leikin tvöföld umferð í öllum flokkum heima og heiman en riðlaúrslit fóru síðan fram á Seltjarnarnesi og á Akureyri.

Ýmsir erfiðleikar voru á því að framkvæma mótið á þennan máta m.a. vegna dómaraskorts og skorts á öðrum starfskröftum. Ef til vill má að einhverju leyti um kenna, að Íslandsmótið hófst ekki fyrr en í janúar og lögð var áherzla á, að ljúka mótinu fyrir páska, áður en E.M. riðill færi fram og Polar Cup stóð fyrir dyrum rúmri viku eftir páska.

Samkvæmt samþykkt síðasta ársþings var tekin upp sérstök úrslitakeppni í I. deild, svonefnd "playoff" en allmiklir gallar komu fram á því fyrirkomulagi sem samþykkt var og nú þegar fjölgar upp í 7 lið í I. deild, sem einnig var samþykkt á síðasta ársþingi, en það þýðir 42 leikir í stað 30 áður og er stjórnin sammála um, að leggja fram tillögu á þessu ársþingi um að fella úrslitakeppnina niður og láta tvöfalda umferð nægja.

## E.M. RIÐILL UNGLINGALANDSLIÐA 28. - 30. MARZ 1970.

Í júní 1969 ákvað Alþjóða Körfuknattleikssambandið að fela K.K.Í. framkvæmd riðils í E.M. unglingalandsliða. Í riðlinum voru auk Íslands, Pólland, Belgía og England.

Unglinganefnd K.K.Í. sá um val á unglingalandsliðinu til æfinga og endanlegt val , en þjálfarar voru Helgi Jóhannsson og Einar Ólafsson. Þó árangur íslenzka liðsins hafi verið slakur og vissulega mikið áfall fyrir körfuknattleikinn, er það þó víst, að það hefur opnað augu manna fyrir því að þjálfun yngri flokkanna hefur verið vanrækt og nauðsynlegt er að leggja megináherzlu á þjálfun hinna yngri í framtíðinni.

Við framkvæmd slíks riðils þarf allmarga starfsmenn og skiluðu þeir sínu hlutverki vel og ánægjulegt til þess að vita og eiga þeir allir þakkir skilið.

## POLAR CUP Í OSLO 9.- 12. APRÍL 1970.

Landsliðsnefnd sá um val á landsliðsæfingar og endanlegt val liðsins, en þjálfari var Helgi Jóhannsson.

Eftirtaldir menn voru valdir til fararinnar:

Birgir Örn Birgis, Á
Jón Sigurðsson, Á
Anton Bjarnason, HSK
Kristinn Jörundsson, ÍR
Þorsteinn Hallgrímsson, ÍR
Þórir Magnússon, KFR
Einar Bollason, KR
Kolbeinn Pálsson, KR
Hjörtur Hannsson, KR
Kristinn Stefánsson, KR
Gunnar Gunnarsson, UMFS

Varamaður: Sigurður E. Gíslason, ÍR

Þjálfari: Helgi Jóhannsson

Dómari: Erlendur Eysteinsson

Fararstjóri: Hólmsteinn Sigurðsson.

Leikið var í nýrri og glæsilegri íþróttahöll, Nadderudhallen í Bærum, sem er í útborg Oslo. Móttökur og framkvæmd hjá Norðmönnum voru mjög glæsilegar, en það vakti athygli íslenzku þátttakendanna hvað Norðmenn höfðu tekið upp mörg atriði varðandi framkvæmd mótsins eftir íslenzkri fyrirmynd í sambandi við Polar-Cup 1968 í Reykjavík, merki og verðlaun voru nánast þau sömu og gefur það vísbendingu um að vel hafi verið gert hjá okkur.

Úrslit einstakra leikja urðu sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Ísland - Noregur | 86-64 |
| Finnland - Danmörk | 92-67 |
| Danmörk - Svíþjóð | 51-81 |
| Noregur - Finnland | 58-126 |
| Svíþjóð - Ísland | 97-67 |
| Danmörk - Ísland | 61-67 |
| Noregur - Svíþjóð | 64-126 |
| Finnland - Ísland | 112-60 |
| Noregur - Danmörk | 70-100 |
| Finnland - Svíþjóð | 88-65 |

Finnar urðu Norðurlandameistarar í fimmta sinn, Svíar aðrir, Íslendingar í þriðja sæti, Danir í fjórða og Norðmenn í fimmta. Þessi röð hefur haldist frá upphafi þótt stundum hafi verið mjótt á mununum, sérstaklega í leikjum Íslands og Danmerkur.

Um tíma leit svo út, að ekki yrði hægt að senda landsliðið á Polar Cup vegna fjárhags-erfiðleika og var meðal annars leitað til Hr. Gylfa Þ. Gíslasonar, menntamálaráðherra, sem brá fljótt við og veitti 35 þúsund króna styrk. Er stjórn K.K.Í. mjög þakklát þeim velvilja og skilningi sem ráðherra sýndi.

Í sambandi við Polar Cup er ávallt haldin ráðstefna forystumanna varðandi ýmis málefni sem sameiginleg eru Norðurlandaþjóðunum.

Ákveðið var að næsti Polar Cup yrði haldinn í Svíþjóð 1972, síðan í sömu röð og verið hefur þannig að 1978 verður níundi Polar-Cup á Íslandi.

Norðurlandamót kvenna verður haldið í Svíþjóð dagana 9. - 12. apríl 1971 og í Noregi 1973.

Norðurlandamót fyrir unglinga er einnig í uppsiglingu og hafa Finnar boðist til að halda fyrsta mótið í janúar 1971.

Einnig voru samþykktar reglur fyrir Polar Cup keppnina en Norska körfuknattleikssambandið tók að sér að semja ýtarlegri reglur sem lagðar verða fram í byrjun næsta árs.

Erik Madsen formaður danska körfuknattleikssambandsins lagði fram tillögur varðandi Evrópumeistarakeppni landsliða um að skipta löndunum í A og B riðla eftir styrkleika m.a. til þess að leikir yrðu jafnari en verið hefur. Varð samkomulag um að Erik Madsen gengi frá endanlegri tillögu og legði hana fram á F.I.B.A. ráðstefnu í Mamaia.

Danir tóku að sér að halda þjálfaranámskeið í maí 1970 en Íslandi var falið að halda þjálfaranámskeið 1972.

Ýmis fleiri mál voru til umræðu, sem ekki verða talin upp hér. Fundinn sátu af Íslands hálfu, Hólmsteinn Sigurðsson og Þorsteinn Hallgrímsson.

## ÍÞRÓTTAHÁTÍÐ Í.S.Í. Í JÚLÍ 1970.

Í sambandi við íþróttahátíðina fór fram fyrsta mót í Minni-Bolta og er það mjög ánægjulegt hversu vel það tókst og lofar góðu um framtíðina. Hefur Minni-Bolta nefnd unnið mikið starf undir forystu Boga Þorsteinssonar og eru allar horfur á, að Minni-Bolti eigi eftir að verða mikil lyftistöng fyrir körfuknattleikinn í landinu.

Bikarkeppni K.K.Í. fór einnig fram í sambandi við íþróttahátíðina en fresta varð úrslitaleiknum milli KR og Ármanns og fór hann fram eftir að íþróttahátíðinni lauk. Bar KR sigur úr býtum.

Keppni í M.fl. og 2.fl. kvenna fór einnig fram í sambandi við íþróttahátíðina en keppni í kvennaflokkum hefur verið heldur í láginni á undanförnum árum.

Leiknir voru tveir landsleikir við Skotland á íþróttahátíðinni. Fór sá fyrri fram í Íþróttahöllinni í Laugardal og lauk með sigri Íslands 85 - 73. Seinni leikurinn fór fram í Íþróttahúsinu að Seltjarnarnesi og er það fyrsti landsleikur sem fram hefur farið þar. Skotar báru sigur úr býtum í seinni leiknum 89 - 80.

Leikmenn Íslands í landsleikjunum við Skotland voru þessir:

| | |
|---|---|
| Birgir Jakobsson, | Agnar Friðriksson, |
| Kristinn Jörundsson, | Björn Christensen, |
| Gunnar Gunnarsson, | Kristinn Stefánsson |
| Þorsteinn Hallgrímsson, | Einar Bollason |
| Jón Sigurðsson, | Kolbeinn Pálsson, fyrirliði. |

ÝMISLEGT.

Á síðustu árum hefur áhugi fyrir körfuknattleik farið mjög vaxandi úti á landsbyggðinni og má nefna staði eins og Borgarnes, sem hafa unnið Íslandsmeistaratitla í öðrum og þriðja flokki og Héraðssambandið Skarphéðinn hefur nú unnið sæti í I. deild. Í Reykjavík virtist aftur á móti sitja í sama farinu, en á síðastliðnum vetri var stofnuð körfuknattleiksdeild í Fram og nú fyrir skömmu hefur verið stofnuð körfuknattleiksdeild í Val. Er það mikið ánægjuefni að þessi tvö stóru félög hafa nú tekið upp körfuknattleik á dagskrá hjá sér og eiga áreiðanlega eftir að setja sinn svip á mótin í framtíðinni.

Að vísu hefur Körfuknattleiksfélag Reykjavíkur nú hætt starfsemi og gengið í Val á sama hátt og ÍKF gekk í UMFN árið áður og öðlast Valur því réttindi til að leika í I. deild á Íslandsmóti 1970.

Laganefnd hefur þýtt leikreglur og ný útgáfa er í undirbúningi í samvinnu við útgáfunefnd Í.S.Í. en síðast voru gefnar út reglur 1966.

Mikil þörf er á því að endurvekja dómarafélagið og fá það til virkrar starfsemi því ávallt er hörgull á dómurum. Oftast eru það sömu mennirnir sem vinna þetta vanþakkláta starf og nær væri þeim sem sífellt eru að skammast að reyna að leggja eitthvað af mörkum í þessum efnum sjálfir.

Ekki er hægt að láta hjá líða að minnast á einn ungan dómara, Erlend Eysteinsson, sem nánast dæmdi alla þá leiki, sem hann komst yfir að dæma. Hann fór einnig sem dómari á Polar-Cup og stóð sig mjög vel.

Í júlí 1971 verður haldið dómara- og þjálfaranámskeið í Skotlandi á vegum F.I.B.A. og Skozka sambandsins. Þarna gefst tækifæri sem ekki má láta ónotað, þar sem þessi námskeið eru yfirleitt haldin í einhverjum fjarlægum löndum þannig að enginn hefur treyst sér til að fara vegna ferðakostnaðar.

Hinn 29. janúar 1971 er tíu ára afmæli K.K.Í. Í tilefni af þessu hefur stjórn K.K.Í. gefið út afmælisrit, sem kemur út nú um leið og tíunda ársþing K.K.Í. er haldið. Þó K.K.Í. sé nú orðið tíu ára verður körfuknattleikurinn að teljast ung íþróttagrein hér á landi og í þeirri stjórn, sem nú er að ljúka störfum er meiri hlutinn leikmenn í I. deild. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort efnt verði til landsleiks í sambandi við 10 ára afmælið og mun það bíða næstu stjórnar.

Stjórn K.K.Í. skrifaði til Bremen í sumar, en þar hefur verið haldið alþjóðlegt mót um áramót í nokkur ár og nýlega hefur borizt svar um, að mótið farið fram 27. og 28. desember og hefur íslenzka landsliðinu verið boðin þátttaka.

Í marz mánuði s.l. fór Karl Guðmundsson þess á leit við K.K.Í. að það héldi leiðbeinenda námskeið í körfuknattleik fyrir þá nemendur Kennaraskóla Íslands sem m.a. höfðu íþróttir sem valgrein. Var Einar Ólafsson fenginn til þess að standa fyrir námskeiðinu og voru þátttakendur um 60 talsins. Kennd voru undirstöðuatriði í knattmeðferð og leikaðferðum en auk þess voru knattþrautir K.K.Í. kynntar og bókin um Minni-Boltann lesin og útskýrð. Í námskeiðslok fór fram skriflegt próf.

Slíkt samstarf er vissulega ánægjulegt og þegar þess er gætt, að nemendur þessa námskeiðs dreifast að loknu námi um alla landsbyggðina til starfa, er augljóst hve mikla þýðingu slík námskeið hafa.

Karl Guðmundsson hefur skrifað stjórn K.K.Í. og lýst ánægju sinni með þetta samstarf og óskað eftir áframhaldandi samvinnu á komandi vetri.

Stjórn K.K.Í lét útbúa sérstaka skildi sem viðurkenningu fyrir þá leikmenn, sem leikið hafa 25 landsleiki. Hafa 5 menn nú náð þessum áfanga en þeir eru:

Birgir Örn Birgis
Þorsteinn Hallgrímsson
Einar G. Bollason
Gunnar Gunnarsson
Kristinn Stefánsson

Að lokum þakkar stjórn K.K.Í öllum þeim, sem hafa stutt hana í starfi og vonar að sem flestir reyni að leggja hönd á plóginn í framtíðinni.

## SKÝRSLA UNGLINGANEFNDAR K.K.Í.

Unglinganefnd K.K.Í. skipuðu eftirtaldir:

Þorsteinn Hallgrímsson, formaður
Birgir Örn Birgis
Sigurður P. Gíslason

Verkefni nefndarinnar breyttist frá fyrra ári og skyldi nú vera að sjá um val og þjálfun Unglingalandsliðsins Íslands í körfuknattleik.

Eina verkefni unglingalandsliðsins á síðastliðnu keppnistímabili var þátttaka Íslands í E.M. unglinga. Var einn riðill í undankeppninni haldinn í Reykjavík um páskana 1970. Tóku þátt auk Íslands, Belgía, England og Pólland.

Æfingar fyrir þessa keppni hófust í janúar og tóku upphaflega þátt í þeim 20-30 piltar. Þjálfarar voru Einar Ólafsson og Helgi Jóhannsson. Var æft innanhúss tvisvar í viku. Á miðvikudögum í Íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi og á sunnudögum í Íþróttahúsi Háskólans. Einnig voru nokkrar úti æfingar.

Lið það er af hálfu Íslands tók þátt í keppninni skipuðu eftirtaldir leikmenn:

Gunnlaugur Pálmason, ÍR
Kolbeinn Kristinsson, ÍR
Hilmar Viktorsson, KR
Bjarni Jóhannesson, KR
Sófus Guðjónsson, KR
Magnús Þórðarson, Á
Björn Christensen, Á
Atli Arason, Á
Haraldur Hauksson, Á
Kjartan Arnbjörnsson, UMFN, fyrirliði
Pétur Jónsson, UMFS
Kári Marisson, KFR

Varamenn:

Árni Pálsson, ÍR
Steinar Ragnarsson, UMFS

Um árangur íslenzka liðsins er skemmst frá að segja, að hann var slakur og olli bæði áhorfendum og aðstandendum liðsins vonbrigðum. Eru margar ástæður fyrir þessu, en ekki verða þær ræddar hér.

Úrslit keppninnar urðu þau, að Belgía varð sigurvegari, en síðan komu Pólland, England og Ísland.

Úrslit einstakra leikja urðu:

| | |
|---|---|
| Ísland - Pólland | 34 - 110 |
| Pólland - England | 107 - 58 |
| Ísland - Belgía | 69 - 118 |
| England - Belgía | 60 - 87 |
| England - Ísland | 91 - 68 |
| Belgía - Pólland | 73 - 70 |

Nú stendur fyrir dyrum nýtt keppnistímabil og er þegar ákveðið að íslenzka unglingalandsliðið taki þátt í NM. unglinga, sem verður haldið í Finnlandi á fyrri helmingi ársins 1971. Verður þetta mót haldið framvegis á 2ja ára fresti og þá til skiptis á Norðurlöndunum. Er hér gott fast verkefni fyrir unglingalandsliðið að vinna að í framtíðinni.

Æfingar fyrir þessa keppni eru þegar hafnar og verða þær 2 í viku til að byrja með og á sömu stöðum og fyrir E.M.
Þjálfari er Helgi Jóhannsson.

SKÝRSLA KVENNANEFNDAR K.K.Í.

Kvennanefnd K.K.Í. skipuðu:

Einar G. Bollason, formaður
Gunnar Gunnarsson.

Störf nefndarinnar skiptust í tvo megin þætti. Annars vegar að auka áhuga kvenfólks á íþróttum og hins vegar að skapa þeim sem fyrir eru verðug verkefni að fást við. Hvað fyrra atriðinu snertir varð nefndinni lítið ágengt. Rætt var við forráðamenn hinna ýmsu félaga í Reykjavík svo og í Njarðvík, en áhugi þeirra virðinst mjög takmarkaður, og báru þeir ýmsu við svo sem tímaleysi og skorti á þjálfurum. Er leitt til þess að vita að áhugaleysi forystumanna hinna ýmsu íþróttafélaga skuli koma í veg fyrir að kvennakörfuknattleikur geti þróast á eðlilegan hátt hér á höfuðborgarsvæðinu.

Reynslan hefur sýnt það að stúlkurnar láta sig ekki vanta og undirritaður getur bezt borið vitni um það, að t.d. hjá K.R. sem eiit félaga sýndi málinu áhuga og stofnaði kvennaflokka, varð svo mikil ásókn stúlkna á æfingarnar að aðeins tveim vikum eftir að þær hófust varð að skipta stúlkunum í tvo hópa og var þó mjög áskipað í þá báða. Það er einlæg ósk nefndarinnar að stjórnir félaganna endurskoði nú hug sinn til þessara mála, og geri heiðarlega tilraun til stofnunar kvennaflokka. Efniviðurinn er fyrir hendi og áhuginn ódrepandi þegar komið er af stað.

Eins og málum er nú háttað eru það aðeins Í.R. og K.R. sem hafa stúlknaæfingar hér í borg en í Borgarnesi, Stykkishólmi, Sauðárkróki, Akureyri og reyndar líka á Vestfjörðum stendur kvennakörfuknattleikur með miklum blóma og þar fjölgar sífellt iðkendum þessarar fögru og skemmtilegu íþróttar.

Störf nefndarinnar hafa því að mestu verið fólgin í sköpun verkefna fyrir hinn áhugasama en alltof fámenna hóp sem fyrir er.

Íslandsmót var haldið hér í Reykjavík í sambandi við íþróttahátíðina síðastliðið sumar og tókst það á margan hátt vel þótt nokkur forföll yrðu hjá þátttökuliðum. Þannig mætti t.d. íþróttafélagið Hörður á Patreksfirði ekki til leiks í II. fl. kvenna og olli það miklum glundroða og óþægindum, þar sem engin boð voru send K.K.Í. um forföll þeirra.

Margir skemmtilegir leikir voru háðir í þessu móti og auðsynilegt er að stúlkurnar eru á réttri leið. En betur má ef duga skal og allir sjá það og skilja að tveir leikir á ári er ekki mikið verkefni að fást við fyrir áhugasamar stúlkur. Þess vegna er mikil nauðsyn á því, að þátttökuliðum fjölgi. Íslandsmótið geti skipað verðugri sess í hugum þessara stúlkna.

Kvennakörfuknattleikur er mikið iðkaður á hinum Norðurlöndunum og margir landsleikir háðir á hverju ári. Ísland hefur að sjálfsögðu aldrei komið þar við sögu en nú standa vonir til að úr rætist, því undirbúningsviðræður voru hafnar við fulltrúa Dana og Norðmanna í fyrravetur um samskipti þjóðanna á milli á þessum vetvangi. Norðmenn sýndu þessu máli mikinn áhuga og reyndar Danir líka og aðallega rætt um sumarið 1971 í því sambandi.

Með landsleiki næsta sumar í huga voru því valdar 26 stúlkur til æfinga síðastliðið sumar. Voru þessar stúlkur alls staðar að af landinu eða 6 frá Borgarnesi, 5 frá Stykkishólmi, 6 frá Akureyri og 9 frá K.R. og Í.R. Þessi dreifði hópur hefur hittst 2 sinnum í Borgarnesi síðast í ágúst og í Reykjavík 22.-27. september og tókst nokkuð sæmilega að ná stúlkunum saman og stunduðu þær æfingarnar af mikilli hörku þennan tíma, sem þær gátu verið saman. Þess á milli hafa þær æft eftir æfingaprógrammi sem nefndin hefur látið gera og þær flestar tekið hlutina mjög alvarlega.

Ætlunin er að hittast næst í Stykkishólmi seinni hluta nóvembermánaðar og síðan á Akureyri fyrri hluta næsta árs. Mest allan kostnað við þessar æfingar s.s. ferðir, sem skiljanlega eru mjög kostnaðarsamar, hafa stúlkurnar borið og þær eru þegar farnar að hugleiða fjáröflunarleiðir með væntanlega landsleikjaferð í huga. Þennan áhuga og þessa fórnfýsi verður að koma til móts við og vonandi sér næsta stjórn sér fært að halda áfram á þessari braut og aðstoða stúlkurnar við að ná settu marki.

Þjálfari þessa hóps var Einar G. Bollason og naut hann dyggilegrar aðstoðar þeirra Gunnars Gunnarssonar U.M.F.S. og Guttorms Ólafssonar, Þór. Að lokum vill nefndin beina kæru þakklæti til stjórnar K.K.Í fyrir góðan skilning á málum hennar og endurtekur fyrri óskir um happadrjúgt samstarf við þá stjórn, sem við tekur.

f.h. Kvennanefndar K.K.Í.

Einar G. Bollason
formaður.

## SKÝRSLA MINNI-BOLTA - NEFNDAR K.K.Í.

Fyrsti fundur nýkjörinnar Mini-Basketnefndar K.K.Í. var haldinn þann 26. nóvember 1969 í fundarherbergi K.K.Í. í Laugardal. Nefnd þessi var skipuð af stjórn K.K.Í. og voru eftirtaldir kjörnir í hana:

Bogi Þorsteinsson

Sigurður M. Helgason

Kolbeinn Pálsson

Skipti nefndin með sér störfum og var Bogi formaður, Kolbeinn ritari, og Sigurður gjaldkeri.

Það fyrsta sem fyrir nefndinni lá, var að ákveða nafn á íslenzku sem hentaði íþróttinni. Það varð niðurstaða okkar, að Minni-Bolti væri hentugasta heitið, því alþjóðaheitið er Mini-Basket, sem yfirleitt er skammstafað MB og gátum við því notað sömu skammstöfun og auðveldað okkur að fá auglýsingaspjöld og merki o.fl. erlendis frá.

Fyrsta verkefnið sem fyrir nefndinni lá, var útgáfa á alþjóða-reglunum. Það var strax ákveðið að gefa út vandaðar reglur í bókarformi sem væri eigulegur hlutur og aðgengilegur fyrir unglinga. Við höfðum ensku útgáfuna til hliðsjónar, en hún var prýdd mörgum og skemmtilegum myndum, en vandinn var útvegun á fjármagni. Leitað var til Gísla Halldórssonar, forseta Í.S.Í. um hvort Í.S.Í. gæti veitt okkur lán, og tók hann þeirri málaleitan mjög vel og útvegaði okkur ríflegt lán. Á hann þakkir skilið fyrir skjóta og góða aðstoð. Þá náðist veruleg upphæð með söfnun auglýsinga.

Þorsteinn Hallgrímsson tók að sér að gera teikningu af körfu og spjaldi til þess að hengja framan á venjulegar körfur og er það mjög heppileg lausn. Það voru mörg smáatriði, sem kanna þurfti, þar á meðal að fá verzlanir til þess að panta Minni-Bolta og kom í ljós að það tæki 4-5 mánuði að fá þá til landsins. Einnig leituðum við til Stefáns Kristjánssonar, íþróttafulltrúa Reykjavíkurborgar, en hann hefur umsjón með öllum leikfimishúsum og íþróttavöllum við skólana, um lækkun á körfum í og við barnaskólana og lét hann lækka körfurnar í leikfimissal eins af barnaskólunum og úti við nokkra.

Þá barst nefndinni bréf frá Alþjóða Minni-Boltanefndinni, þar sem 1-2 fulltrúum frá Íslandi var boðið að sitja alþjóðaráðstefnu, sem halda átti á Spáni dagana 4.-8. maí.

Fljótlega ákvað nefndin að leita til Guðmundar Þorsteinssonar og biðja hann að aðstoða okkur og tók hann því vel og hefur síðan verið nefndinni ómetanlegur styrkur. Tók hann að sér að þýða reglurnar yfir á íslenzku og gerði það með prýði. Þegar prentun var lokið var sendur pöntunarlisti til allra íþróttakennara og íþróttafélaga á Minni-Boltabókinni ásamt bréfi með helstu útskýringum á markmiði og tilgangi Minni-Boltans.

Fljótlega ákvað nefndin að halda Minni-Boltamót og var strax tekin sú stefna að reyna að tengja það Íþróttahátíðinni sem haldin var í byrjun júlí. Fengust alls staðar góðar undirtektir og var Minni-Boltamótið fellt í Íþróttahátíðardagskrána.

Haft var samband við þá sem skrifað höfðu um körfubolta í dagblöðin og báðum við þá að koma fyrir greinum um Minni-Bolta, en blöðin sýndu því engan áhuga. Seinna var boðað til blaðamannafundar á Hótel Borg og var þá haft samband við öll blöðin og báða fjölmiðlana, og lofuðu allir að senda blaðamenn, var margítrekað við blöðin. Árangurinn var sá að einn mætti, Alfreð Þorsteinsson hjá Tímanum.

Viðtal var við Boga Þorsteinsson í sjónvarpinu og var það góð auglýsing fyrir íþróttina. Seinna var svo viðtal við Boga í útvarpinu, skömmu eftir utanferðina.

Það vildi svo heppilega til að Boga tókst að sameina orlofsferð sína þannig að hann gat setið alþjóðaþingið á Spáni 4.-8. maí. Þaðan kom hann byrgur af fróðleik. Hafði hann kynnst því hve geysileg áherzla lögð var á Minni-Boltann um gjörvalla Evrópu og mjög fróðlegt að sjá árangurinn á Spáni, þar sem yfir 100 þús. börn eru virkir þátttakendur. Á ráðstefnunni voru sýndir hlutir sem þjóðirnar notuðu og vöktu reglur þær sem við höfum gert mikla athygli og þóttu þær beztu ásamt þeim sem Alþjóðanefndin gaf út. Þar fengum við einnig hljómplötu með Minni-Boltasöngnum, en það er alþjóðasöngur saminn sérstaklega og tileinkaður Minni-Boltanum. Við höfum fengið Ómar Ragnarsson til þess að gera texta við lagið og er hann að vinna að því núna.

Minni-Boltamótið.

Níu þátttökutilkynningar bárust og voru þær frá eftirtöldum félögum: Tvö lið frá K.R. og Í.R., eitt frá Fram, Ármanni, Skallagrími, Í.A. og einnig frá áhugasömum unglingum frá Vík í Mýrdal, en þeir gátu ekki mætt á þeim tíma sem mótið var háð. Guðmundur Þorsteinsson tók að sér framkvæmdastjórn mótsins og stýrði því með mikilli prýði. Erlendur Eysteinsson dómari dæmdi lang flesta leikina og á miklar þakkir skilið. Mótið var haldið í Laugardalshöllinni og í Breiðagerðisskóla og tókst það mjög vel og var afar skemmtilegt að sjá til drengjanna, einkum þeirra sem minnst kunnu, því nú höfðu þeir bolta og körfuhæð við sitt hæfi. Það var einnig mjög ánægjulegt að sjá á þessu fyrsta Minni-Boltamóti hinn fræga gula og svarta búning þeirra Akurnesinga í fyrsta sinná körfuknattleiksvelli í Reykjavík, á móti þessu.

Á móti þessu var ekki leikið til hreinna úrslita heldur fengu tvö efstu liðin 1. verðlaun, en það voru U.M.F.S. og Ármann. Annars voru úrslitin þessi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| A.-riðill: | Í.R.b - Fram | 36-32 | B.-riðill: | K.R.a - K.R.b | 63-19 |
| | U.M.F.S. - Í.A. | 82-10 | | Á - K.R.a | 23-19 |
| | Í.A. - Fram | 14-32 | | Í.R.a - K.R.b | 59-11 |
| | Í.R.b - Í.A. | 17-15 | | K.R.b - Ármann | 27-95 |
| | U.M.F.S. - Í.R.b | 22-10 | | K.R.a - Í.R.a | 26-37 |
| Úrslit | U.M.F.S. - Í.R.a | 28-25 | | Ármann - Í.R.b | 95-13 |

Þá vöktu spjöld sem börn voru látin bera með M.B. merkinu í skrúðgöngu íþróttafólks við setningu Íþróttahátíðarinnar, mikla athygli og voru góð auglýsing fyrir Minni-Boltann. Að göngunni lokinni var spjöldunum úthlutað meðal íþróttafélaga og sérsambanda sem þátt tóku í göngunni.

Einstaklingsverðlaun.

Eins og á síðastliðnu ári voru veitt verðlaun fyrir bezta hittni úr vítaköstum, hæsta stigatölu úr 10 leikjum og þeim leikmanni, er kjörinn var "Bezti leikmaður Íslandsmótsins" af leikmönnum sjálfum.

Bezti leikmaður var kjörinn:

Jón Sigurðsson, Ármanni

Bezta hittni úr vítaköstum:

Einar Bollason, 81,7 %

Stigahæzti leikmaður:

Þórir Magnússon, KFR, 291 stig.

Íslandsmótið 1970.

Þessi lið urðu sigurvegarar á Íslandsmótinu 1970.

| | |
|---|---|
| Meistarafl. karla I. deild | - Íþróttafélag Reykjavíkur |
| Meistarafl. karla II. deild | - Héraðssambandið Skarphéðinn |
| 1. flokkur karla | - Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 2. flokkur karla | - Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 3. flokkur karla | - Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 4. flokkur karla | - Ármann |
| Meistarafl. kvenna | - Íþróttafélag Reykjavíkur |
| 2. flokkur kvenna | - Ungmennafélagið Snæfell |

Úrslit í einstökum leikum í Íslandsmótinu 1970.

Meistaraflokkur karla I. deild.

| | Fyrri umf. | Síðari umf. |
|---|---|---|
| Þór - UMFN | 64:58 | 55:66 |
| Þór - KFR | 75:41 | 88:82 |
| Þór - ÍR | 52:74 | 36:55 |
| Þór - Ármann | 53:60 | 48:64 |
| Þór - KR | 48:62 | 45:57 |
| UMFN - KFR | 72:48 | 44:72 |
| UMFN - ÍR | 46:57 | 57:78 |
| UMFN - Ármann | 68:81 | 58:57 |
| UMFN - KR | 42:71 | 47:76 |
| KFR - ÍR | 62:71 | 55:94 |
| KFR - Ármann | 66:67 | 82:70 |
| KFR - KR | 51:58 | 56:65 |
| ÍR - Ármann | 61:53 | 74:64 |
| ÍR - KR | 57:65 | 85:70 |
| Ármann - KR | 70:77 | 61:62 |

Aukaúrslit:

| | | |
|---|---|---|
| Lið nr. 1 og lið nr. 4 | ÍR - KFR | 79:65 |
| Lið nr. 2 og lið nr. 3 | KR - Ármann | 58:66 |

Um Íslandsmeistaratignina léku:

| | |
|---|---|
| ÍR - Ármann | 83:66 |
| ÍR - Ármann | 96:71 |

Um 3 sæti léku:

| | |
|---|---|
| KR - KFR | 90:74 |

Í leik milli neðsta liðs í I. deild og liðs nr. 2 í II. deild, vegna fjölgunar liða í I. deild áttust við Þór og UMSS, og lauk honum með sigri Þórs, sem vann sér rétt til áframhaldandi setu í I. deild.

Meistaraflokkur karla II. deild:

Leikið var í þrem riðlum, tvöföld umferð í hverjum riðli.

A-riðill: Leikið var að Laugarvatni og í Íþróttahúsi Háskolans.

Breiðablik
HSK
ÍS — Sigurvegari: HSK

B-riðill: Leikið í Stykkishólmi.

UMFS
Snæfell
Hörður — Sigurvegari: UMFS

C-riðill: Leikið á Akureyri.

KA
Tindastóll — Sigurvegari: Tindastóll

Úrslit:

| | |
|---|---|
| Tindastóll - HSK | 56:76 |
| Tindastóll - UMFS | 55:32 |
| HSK - UMFS | 76:56 |

I. flokkur karla:

Leikin einföld umferð. Þátttakendur voru: Ármann - Breiðablik- ÍR - ÍS - KR - UMFN.

Jöfn og efst með 8 stig hvert urðu: KR - ÍR og ÍS.

Úrslit:

| | |
|---|---|
| KR - ÍS | 42:36 |
| KR - ÍR | 52:35 |
| ÍR - ÍS | 44:88 |

II. flokkur karla:

Þátttakendur voru: Ármann - Breiðablik - HSK - ÍR - KFÍ - KFR - KR - UMFS - Þór.

Á - Breiðablik - HSK - ÍR - KFR - KR léku tvöfalda umferð sín á milli. Þrjú efstu liðin HSK - ÍR - KR tóku síðan þátt í úrslitakeppni með þátttöku KFÍ - UMFS og Þórs.

Var liðunum skipt í 2 riðla og leikin einföld umferð í hvorum riðli. Efstu lið í hvorum riðli léku síðan til úrslita um meistaratitilinn.

Undanúrslit:

Riðill nr. 1

| | |
|---|---|
| Þór - KR | 52:72 |
| KR - HSK | 69:42 |
| HSK - Þór | 73:37 |

Riðill nr. 2

| | |
|---|---|
| UMFS - ÍR | 55:46 |
| ÍR - KFÍ | 2:0 |
| UMFÍ - KFÍ | 2:0 |

KFÍ mætti ekki til leiks

Úrslit: KR - UMFS 66:35

III. flokkur karla:

Leikið var í þremur riðlum. Úrslit voru leikin á Akureyri.

A-riðill:

Leikið tvöföld umferð og tvö efstu liðin fóru í úrslit.

Á - Breiðablik - ÍR - KFR og UMFN.

Í úrslit fóru: KFR og KR.

B-riðill:

Leikið einföld umferð og efsta liðið fór í úrslit.

UMFS - Snæfell - Hörður og KFÍ.

Í úrslit fór: Hörður, Patreksfirði.

C-riðill:

Leikið tvöföld umferð og efsta liðið fór í úrslit.

Í úrslit fór: Þór

Úrslit:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þór - KR | 10:18 | KR - KFR | 29:24 |
| Þór - KFR | 14:20 | KR - Hörður | 26:21 |
| Þór - Hörður | 12:26 | KFR - Hörður | 25:22 |

IV. flokkur karla:

Leikið í þremur riðlum. Úrslit fóru fram í Reykjavík.

Á-riðill:
Leikin var tvöföld umferð og tvö efstu liðin fóru í úrslit.
Á - ÍR - Fram - KFR - KR - UMFN.
Í úrslit fóru: Ármann og KR.

B-riðill:
Leikin var einföld umferð og efsta lið fór í úrslit.
UMFS - Snæfell - Hörður og KFÍ.
Í úrslit fór: UMFS.

C-riðill:
Leikið var tvöföld umferð.
KA - Þór.
Í úrslit fór: Þór

Úrslit:

| | | |
|---|---|---|
| Ármann - KR | | 25:14 |
| Ármann - UMFS | | 25:13 |
| Ármann - Þór | | 2:0 |
| KR | - UMFS | 16:15 |
| UMFS | - Þór | 2:0 |
| KR | - Þór | 2:0 |

Meistaraflokkur kvenna:

| | | |
|---|---|---|
| Skallagrímur - KR | | 31:23 |
| ÍR | - KR | 33:24 |
| ÍR | - Skallagrímur | 35:33 |

II. flokkur kvenna:

Snæfell - Þór 14:10

Bikarkeppni K.K.Í.

Þátttakendur voru: KRa - KRb - Áa - Áb - ÍR - HSK - UMFN - KFR- UMFS - Breiðablik.

Fyrstu deildar liðin sátu hjá í fyrstu og annari umferð.

I. umferð:

| | | Sigurvegari: |
|---|---|---|
| Áb - Breiðablik | | Ármann |
| ÍA - KRb | 0:2 | ÍA mætti ekki |
| UMFS - Snæfell | 2:0 | Snæfell mætti ekki. |

II. umferð:

| | |
|---|---|
| UMFS - Áb | UMFS |

III. umferð:

| | | |
|---|---|---|
| UMFN - KFR | | UMFN |
| HSK - KRa | 32:82 | KRa |
| UMFS - KRb | | UMFS |
| Áa - ÍR | | Áa |

IV. umferð: 4 liða úrslit.

| | |
|---|---|
| Áa - UMFS | Áa |
| KR - UMFN | KR |

V. umferð: Úrslit:

KR - Ármann 61:54

Leikurinn átti að fara fram á Íþróttahátíð ÍSÍ en honum var frestað vegna landsleiks við Skotland, sem fram átti að fara daginn eftir. Leikurinn var svo loks leikinn 24. júlí með fyrrgreindum úrslitum.

REIKNINGAR

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

1969 - 1970

frá 25/10 1969 til 21/10 1970

## Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Útbreiðslustyrkur ................................. | | | Kr. 50,000.oo |
| Aukastyrkur frá Í.S.Í. ............................ | | | " 20,000.oo |
| Skatthluti ........................................ | | | " 5,000.oo |
| Kennslustyrkur 1969 og 1970 ....................... | | | " 3,833.oo |
| Getraunatekjur .................................... | | | " 13,620.oo |
| Utanfararstyrkir ÍSÍ ....... | | Kr. 21,641.oo | |
| ÷ Gr. Boga Þorsteinssyni v/MB fundar á Spáni | | " 2,025.oo | " 19,616.oo |
| Menntamálaráðuneytið v/Polar Cup .................. | | | " 35,000.oo |
| Hluti landsliðsmanna í ferðakostn. v/Polar Cup .... | | | " 68,500.oo |
| Gjafir ............................................ | | | " 10,500.50 |
| Vextir ............................................ | | | " 711.o3 |
| **Íslandsmót:** | | | |
| Aðgangseyrir Seltjarnarnesi .... | | Kr. 85,925.oo | |
| Aðgangseyrir Akureyri .......... | | " 51,925.oo | |
| | | Kr. 137,850.oo | |
| ÷ Húsaleiga, hluti Íþróttabandalaga og dyravarzla ............ | | " 87,932.oo | |
| | | Kr. 49,918.oo | |
| Þáttökugjöld .................. | | " 40,000.oo | |
| | | Kr. 89,918.oo | |
| Ferðakostn. dómara | Kr. 8,875.oo | | |
| Þátttaka í ferðak. Þórs. | " 24,692.oo | | |
| Auglýsingar o.fl. | " 8,718.oo | | |
| Verðl.peningar | " 14,710.oo | " 56,995.oo | " 32,923.oo |
| **Leikur ÍR - KR 5. marz:** | | | |
| Aðgangseyrir .................... | | Kr. 6,850.oo | |
| ÷ Húsaleiga og hl. Seltj.ness .. | | " 3,616.oo | " 3,234.oo |
| **Landsleikur Ísland - Skotland 9. júlí:** | | | |
| Aðgangseyrir .................... | | Kr. 5,525.oo | |
| ÷ Húsaleiga og hl. Seltj.ness .. | | " 3,497.oo | " 2,028.oo |
| Auglýsingar í leikskrá ......... | | Kr. 33,200.oo | |
| ÷ Prentun ...................... | | " 10,000.oo | " 23,200.oo |
| Rekstrarhalli ................................ | | | " 108,015.32 |
| | | | Kr. 396,180.85 |

h i n n   21, o k t ó b e r   1970

**Skuldir.**

| | |
|---|---|
| Ógreiddir skuldheimtumenn ................................ | Kr. 421.438,26 |
| | Kr. 421.438,26 |

Reykjavík, 22. október 1970

Hólmsteinn Sigurðsson          Þórir Guðmundsson

Við undirritaðir höfum endurskoðað framanskráðan rekstrar- og efnahagsreikning pr. 21/10 1970 fyrir Körfuknattleikssamband Íslands og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 22. október 1970

Þráinn Scheving Sigurjónsson (sign)

Gunnar Torfason (sign.)

# Viöskipamenn pr. 21/10 1970.

| | Skuldir: | Inneignir: |
|---|---|---|
| Einar Matthíasson .................Kr. | 6.535.45 | Kr. |
| Ólafur Thorlacíus .................." | 495.00 | |
| Gunnar Gunnarsson .................." | 5.768,00 | |
| K.F.R. ............................" | 920,00 | |
| H.S.H. ............................" | 2.100,00 | |
| U.M.F. Snæfell ...................." | 1.470,00 | |
| U.M.F. Selfoss ...................." | 1.100,00 | |
| Völsungar ........................." | 1.400,00 | |
| K.A. Akureyri ....................." | 4.550,00 | |
| Í.M.A. ............................" | 500,00 | |
| Körfuknattleiksf. Ísafjaröar ......" | 3.300,00 | |
| Hörður, Patreksfiröi .............." | 3.950,00 | |
| Einar Bollason ...................." | 15.420,00 | |
| Kolbeinn Pálsson .................." | 4.450,00 | |
| Gylfi Kristjánsson ................" | 1.942,00 | |
| Þórir Magnússon ..................." | 4.000,00 | |
| Kristinn Jörundsson ..............." | 5.000,00 | |
| Hólmsteinn Sigurösson ............. | | " 401.50 |
| Birgir Örn Birgis ................." | 5.000,00 | |
| Anton Bjarnason ..................." | 5.000,00 | |
| Kristinn Stefánsson ..............." | 6.000,00 | |
| Í.S.Í. ............................ | | " 11.142.01 |
| Í.B.R. ............................ | | " 16.321.75 |
| K.K.R.R. .......................... | | " 5.000,00 |
| Bókasjóöur Í.S.Í. ................. | | " 6.500,00 |
| K.K.D.Í. .......................... | | " 13.000,00 |
| Morgunblaöiö ...................... | | " 3.024,00 |
| Jón Ásgeirsson .................... | | " 1.570,00 |
| Blaöaumsagnir ..................... | | " 1.582,00 |
| F.I.B.A. .......................... | | " 29.392,00 |
| Magnús Baldvinsson ................ | | " 6.300,00 |
| Fjölprent h.f. .................... | | " 1.000,00 |
| Þorsteinn Hallgrímsson ............ | | " 140,00 |
| Flugfélag Íslands ................. | | " 183.006,00 |
| Pan American ...................... | | " 19.461,00 |
| Flyt: | Kr. 78.900.45 | Kr. 297.840.26 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Flutt: | Kr. | 78,900,45 | Kr. | 297,840,26 |
| Loftleiðir.......................... | | | " | 40,804,oo |
| Bogi Þorsteinsson................... | | | " | 14,502,oo |
| Sérsjóður Í.S.Í. ................... | | | " | 15,000,oo |
| Íþróttahúsið á Seltjarnarnesi ...... | | | " | 21,612,oo |
| Múlakaffi .......................... | | | " | 14,790,oo |
| City Hotel ......................... | | | " | 7,230,oo |
| Rammagerðin ........................ | | | " | 3,240,oo |
| Þór, Akureyri ...................... | | | " | 6,420,oo |
| Ógr. auglýsingar í leikskrá ........ | " | 29,400,oo | | |
| | Kr. | 108,300,45 | Kr. | 421,438,26 |

Rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 21/10 1970

fyrir

Minni-Boltanefnd K.K.Í.

frá 1. jan. til 21. okt. 1970

## Tekjur:

| | |
|---|---|
| Þátttökugjöld í M.B. móti ........................ | Kr. 4.000.oo |
| Hagnaður af sölu M.B. spjalda .................... | " 4.167.oo |
| | Kr. 8.167.5o |

hinn 21. október 1970

## Skuldir:

| | |
|---|---|
| Körfuknattleikssamband Íslands .................... | Kr. 35.000.oo |
| Tekjuafgangur skv. rekstrarreikningi ............. | " 5.243.oo |
| | Kr. 40.243.oo |

Reykjavík, 22. október 1970

Framanskráðan rekstrar- og efnahagsreikning pr. 21/10 1970 fyrir Minni-Bolta nefnd K.K.Í. höfum við endurskoðað og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 22. október 1970

Þráinn Scheving Sigurjónsson (sign.)
Gunnar Torfason (sign.)